

✉ Re: Áform um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar

Búið til	10.8.2021 10:35:16
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	10.8.2021 10:35:12
Tilheyrir	 202107-0017 - Áform um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar

Efni

Re: Áform um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar

Upplýsingar

Sent	10.8.2021 10:35:12	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-2 Tillögur um friðlýsingar svæða eða náttúrumyndana		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202107-0017 (SS).

Vísað er í bréf frá Umhverfisstofnun dags. 9. júlí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar.

Kynnt áform ná yfir um helming af tillögu Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruinjaskrár, Elliðavogur-Grafarvogur sem er tilnefnt fyrir fugla einkum sendling og gulönd. Búsvæði gulandar eru þó fyrst og fremst í Elliðavoginum. Betra hefði verið ef áformin hefðu náð yfir alla B-tillöguna að mati Náttúrufræðistofnunar. Að því sögðu er löngu tímabært að friðlýsa leirurnar í Grafarvogi sem er ein af fáum lítt röskuðum leirum sem eftir eru á þessum slóðum en leirum Elliðavogs var raskað að nær fullu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Grafarvogurinn er mikilvægt búsvæði ýmissa fuglategunda þ.m.t. viðkomustaður farfugla og er á gildandi náttúruinjaskrá.

Náttúrufræðistofnun leggur til að það sé skoðað að stækka áformaða friðlýsingu til að ná yfir alla B-tillöguna en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við áformin. Að áformakynningu lokinni verða unnin drög að friðlýsingarskilmálum og mun Náttúrufræðistofnun koma að því eins og við á.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Eva B. Sólán Hannesdóttir" <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>

To: "Eva B. Sólán Hannesdóttir" <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>

CC:

Subject: Áform um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar

Date: 12.7.2021 10:07:19

Góðan dag,

hjalagt er bréf frá Umhverfisstofnun þar sem kynnt eru áform um friðlýsingu **Grafarvogs innan Gullinbrúar**.

Vakin er athygli á því að bréfið er eingöngu sent á rafrænu formi, nema annars sé sérstaklega óskað.

Bestu kveðjur / Best regards

Eva B. Sólán Hannesdóttir

Lögfræðingur / Lawyer

Svið Friðlýsinga og starfsleyfa / Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun / Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)

image002.png (5 KB)
